

Dagskrá 2. fundar stjórnar SSA 1. nóvember 2016

Fundurinn hófst kl. 12.30 í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Gunnar Jónsson og Margrét Guðjónsdóttir. Jón Björn Hákonarson var á síma.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 1. stjórnarfundi SSA og fundargerðir frá 1. og 2. fundi framkvæmdaráðs SSA, 1. fundi svæðisskipulagsnefndar og 1. fundi samgöngunefndar lagðar fram til kynningar og eftir atvikum til samþykkis. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að senda samgöngunefnd starfsreglur stjórnar SSA. Um meðferð trúnaðarmála hjá samgöngunefndi gildi sömu reglur og kveðið er á um í starfsreglum stjórnar.
2. Fundargerðir frá Eybingi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Lagt fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og afgreiðslu eftir atvikum.
 - a) Tilmæli aðalfundar til stjórnar SSA. Ákveðið var að stefna að því að halda málþing um sjókvíældi í febrúarmánuði. Þá verður útfærsla á tillögum starfshóps um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi skoðuð nánar þegar fyrir liggur hvert fjármagnið verður til samnings um sóknaráætlun árið 2017.
 - b) Úthlutun styrkja Minjastofnunar 2016.
 - c) Samkomulag um framtíðarskipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.
 - d) Athugasemdir Fjarskiptasjóðs við ályktun um ljósleiðaravæðingu. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að áframsenda ályktunina til innanríkisráðuneytis og óska eftir viðbrögðum.
 - e) Ársskýrsla og ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HAUST).
 - f) Ályktanir Proskahjálpar 2016.
 - g) Skýrsla um fasteignamat.

2. Samningur um sóknaráætlun

1. Skipan nýrrar úthlutunarnefndar og fagráða. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdaráðs og felur verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála að láta hlutaðeigandi vita.



2. Úthlutunarreglur, hlutverk og skipunarbréf úthlutunarnefnda og fagraða. Lagt fram til kynningar.
3. Samráðsvettvangur – skipulag 2017. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að vinna áfram að verkefninu.

3. Málafni Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA).

Gestir: Pétur Heimisson, Nína H. Gunnarsdóttir, Svava Sveinbjörnsdóttir og Emil Sigurjónsson, settur forstjóri HSA. SB bauð gesti fundarins velkomna og óskaði eftir upplýsingum frá þeim um stöðu heilbrigðisþjónustu á Austurlandi og hvaða skilaboð landshlutasamtökin ættu að taka með sér inn í komandi vinnu vegna fjárlagagerðar. NHG greindi frá stefnumótunarvinnu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sem miðar að því að tryggja að allir fái þá þjónustu sem þeir þurfa. Tekið hefur sérstaklega til skoðunar málafni er varða upplýsingatækni og staða HSA sem kennslustofnunar. PH sagði þessa vinnu nú tengjast læknskorti en í raun væri hún mjög nauðsynleg, óháð þeim vanda. Hann tók sem dæmi þjónustu sem veitt er í símanúmerinu 1700. ES þakkaði fyrir boðið á fund stjórnar SSA, brýnt væri að gott samstarf væri á milli þessara aðila. AS spurði gestina hvar skórinn kreppir mest í heilbrigðisþjónustu á Austurlandi, hann nefndi sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu ungs fólks. PH sagði stærsta áhyggjuefni hvað grunnþjónustu varðar að það væri orðið daglegt verkefni að tryggja að einhver svari alltaf í síma, þ.e. það er viðvarandi læknskortur. Það vantar lágmark einn lækni á Djúpavogi, einn í Fjarðabyggð og einn á Egilsstöðum. Tekist hefur að tryggja mönnun í Neskaupstað (sjúkrahús/heilsugæsla). Hvað geðheilbrigðisþjónustuna varðar, þá skýrist aukin þörf ef til vill einkum af aukinni meðvitund og umræðu um þau mál. Nú er verið að auglýsa eftir sálfræðingum í eina og hálfu stöðu. GJ spurði um áhuga læknaandídata á því að starfa hjá HSA. NHG sagði ljóst að það væri áhugi hjá þeim kandidötum sem hér hafa unnið og eins hjá nemum í fjarnámi í hjúkrunarfræðum til þess að koma hingað til starfa að námi loknu. HSA hefur eina nemastöðu fyrir hjúkrunarfræðing í heilsugæsluhjúkrun og þrjár nemastöður fyrir sérfræðinga. PH sagði það beinlínis fjöregg stofnunar eins og HSA að geta sinnt kennsluhlutverki í heilsugæslulækningum. HSA fær u.þ.b. sex nemendur í eina viku að hausti, þeir skila sér oft aftur til stofnunarinnar síðar meir. Þetta unga fólk gerir hins vegar aðrar kröfur um vinnutíma og það telur sér ekki fært að búa á Austurlandi á meðan vaktbindingin er svo mikil. Til framtíðar mun þetta þýða að vaktin verður bundin við ákveðna staði og þá verði að horfa til annarra lausna, t.a.m. þyrluþjónustu fyrir sjúkraflutninga innan landshluta. Hvað sérfræðiþjónustu varðar, þarf mögulega frekar að leggja yfir að skoða hvaða sérfræðiþjónustu vantar inn á svæðið fremur en að framboðið fari eftir þeim sérfræðingum sem vilja koma. BB spurði um fjárhagsstöðu HSA og álit á drögum að nýrri heilbrigðisáætlun. SS sagði að felldur hefði verið niður halli sem fylgt hefur stofnuninni um langa hríð en þó hefðu verið skildar eftir 38 milljónir króna. Staðan væri þó óneitanlega betri núna en það skýrðist einnig af því hversu illa gengur að manna stöður lækna. Fjárlögin 2017 þurfa að vera mun hagfelldari en síðustu fjárlög, ekki síst vegna kostnaðar við kjarasamninga lækna. PH sagði margt ágætt

Í nýrri heilbrigðisáætlun en hún væri enn í drögum. SB spurði um áherslur ályktana SSA í heilbrigðismálum. PH taldi brýnast að tryggja grunnþjónustuna, að það væri alltaf einhver á vaktinni í nærumhverfi. Hann benti á að kjarasamningar lækna væru lausir í apríl, Austurland væri ekki samkeppnisfært vegna vaktbindingar. Samhljómur yrði að vera á milli HSA og stjórnar SSA um það fyrir hverju væri verið að berjast. Í annan stað þyrfti að tryggja fæðingarpjónustu og í þriðja lagi að skilgreina hvaða sérfræðipjónustu þurfi að veita á svæðinu (geðheilbrigðisþjónusta, barnalækningar, kvensjúkdómalækningar, öldrunarlækningar), hvaða sérfræðipjónusta ætti að vera nærþjónusta. AS taldi brýna þörf fyrir bráðgreiningadeild við Egilsstaðaflugvöll og taldi rétt að fá faglegt mat á því hvernig öryggi sjúklinga yrði best tryggt, hann tók undir hugmyndir um þyrlupjónustu á milli byggðakjarna og landshluta. PH sagði þetta hluta af ákvarðanatöku í hvert einasta sinn sem læknir meðhöndlar sjúkling. Æskilegt væri að byggja upp frekari greiningartækni á Egilsstöðum. ES segir HSA hafa lagt mikla áherslu á að sjúkraflutningarnir uppfylltu kröfur, þ.á m. í menntun sjúkraflutningamanna. Fjármálayfirvöld þurfi að viðurkenna mikilvægi sjúkraflutninga, ekki síst fyrir dreifðari byggðir, og kostnað við þá (110 milljónir). NHG sagði HSA hafa lagt áherslu á að efla starfsfólkið í bráðapjónustu, þannig að hægt sé að búa sjúklinga undir flutninga. Bráðgreiningardeild mætti vissulega koma upp, annað hvort á Reyðarfirði eða Egilsstöðum. Sjúkraflug frá Austurlandi hefur aukist gríðarlega. HH tók undir mikilvægi sjúkraflutninga en vakti athygli á því að oft fylgdi því óöryggi fyrir íbúða þegar aldrei væri sami læknirinn á staðnum. GJ tók undir hugmyndir um að koma upp bráðgreiningadeild nær Egilsstaðaflugvelli. Þyrlupjónusta innan landshlutans væri áhugaverður kostur en ekki endilega á milli landshluta. Hann velti því upp hvort unga fólkið myndi frekar fást til starfa á landsbyggðinni ef því fylgdi einhvers konar skattaafsláttur. NHG benti á að Austurland væri orðinn eftirbátur annarra sveitarfélaga þegar kemur að því að veita fólki tækifæri til að vera heima, ýmist eftir áföll eða vegna aldurs. Skoða þurfi og breyta samstarfi félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Fordæmi fyrir slíku samstarfi mætti m.a. finna hjá Akureyrarbæ.

4. Almennings­samgöngur

1. Framtíðarskipan almennings­samgangna á Austurlandi. SB kynnti tillögu framkvæmdaráðs um að stofnað yrði einkahlutafélag. Samþykkt að ganga til samninga við KPMG um að ganga frá stofnun einkahlutafélags og verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að fylgja málinu eftir.
2. Þróunarverkefni sumarið 2016. Lagt fram til kynningar.
3. Ábendingar við þjónustu SvAust sumarið 2016. Viðbrögð frá verkefnisstjóra/verkefnisstjórum Fjarðabyggðar. Lagt fram til kynningar.

5. Innri mál.

1. Umfang starfa SSA og samningur við Austurbrú. Gestur: Anna Alexandersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Austurbrúar. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála vék af fundi. Formanni og fyrsta varaformanni falið að ganga frá málinu við framkvæmdastjóra Austurbrúar.



2. Dagatal stjórnar SSA. Lagt fram til kynningar, samþykkt að 51. aðalfundur SSA verði haldinn dagana 29. og 30. september nk.

3. Starfsreglur stjórnar SSA. Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál.

1. SB tók upp mál er varðar endurskoðun fjallskilareglugerðar fyrir Múlasýslur. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að kanna stöðu málsins hjá hlutaðeigandi.

2. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að óska eftir því að Borgarfjörður skipi nýjan fulltrúa í samgöngunefnd þar sem aðalfulltrúi sveitarfélagsins hefur setið í fimm ár samfelld og getur ekki setið sjötta árið í viðbót.

3. SB greindi frá drögum innanríkisráðuneytisins að frumvarpi til laga um fólks- og farmflutninga og athugasemdum Guðjóns Bragasonar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga við þau. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála og formanni SSA veitt umboð til að skila inn umsögn.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 29. nóvember kl. 12.30 á Egilsstöðum.

Fundi slitið kl. 16.00.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Margrét Guðjónsdóttir

Andrés Skúlason

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson



1966-2016